

Bekkjareglur Olweusar gegn einelti:

- ◆ Við leggjum ekki aðra í einelti.
- ◆ Við reynum að aðstoða þá nemendur sem lagðir eru í einelti.
- ◆ Við erum líka með nemendum sem eru oft einir.
- ◆ Við látum fullorðna heima eða í skólanum vita ef við sjálf eða einhver annar er lagður í einelti.

Markmið eineltis- áætlunar Olweusar:

Draga úr tækifærum til eineltis.
Skapa þannig andrúmsloft að einelti borgi sig ekki.

Endurbæta félagslegt umhverfi í skólanum og að það sé í sífelldri endurskoðun.

Leiðir að markmiðunum eru:
Fræðsla og vitundarvakning allra starfsmanna skólans. Það felur í sér að við látum okkur annt um nemendur, þess vegna skiptum við okkur af.

Við skiptum okkur af ærsafullum leikjum, við könnum málin og skiptum okkur líka af ef okkur sýnist einhver vera einmana.

Við sýnum öllum nemendum áhuga.

Við skiptum okkur af með myndugleika, jákvæðum áhuga og alúð.

Eineltisáætlun Olweusar í Vogaskóla

Skilgreining á einelti:

Einelti er ofbeldi, líkamlegt og/ eða andlegt þar sem einn eða fleiri níðast á einum sem á erfitt með að verja sig. Einelti er endurtekið atferli og á sér stað reglubundið um lengri eða skemmri tíma

Hvað er eineltisáætlun Olweusar?

Í Vogaskóla er unnið gegn einelti samkvæmt aðgerðaráætlun sem kennd er við Dan Olweus, prófessor við Háskólann í Bergen í Noregi. Olweus hefur rannsakað einelti í yfir 30 ár og er einn fremsti fræðimaður í heiminum á því sviði.

Eineltisáætlun Olweusar er forvarnaráætlun sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir einelti og andfélagslega hegðun og skapa þannig skólalag að einelti sé ekki liðið.

Megininntak áætlunarinnar er fræðsla. Allt starfsfólk skólans fær reglulega fræðslu um það hvað einelti er, hvernig unnt er að vinna gegn því og hvernig skuli bregðast við því einelti sem upp kann að koma.

Foreldrar/forráðamenn allra nemenda fá handbók um einelti. Kynningafundur skulu haldnir fyrir nýja foreldra og starfsmenn að hausti og niðurstöður kannana ávallt kynntar foreldrum.

Starfsreglur Olweusar:

- ◆ Hinir fullorðnu sýna nemendum hlýlegt og jákvætt viðmót.
- ◆ Virkt eftirlit fullorðinna í skólanum og á skólalóðinni.
- ◆ Ákveðnar og skýrar aðgerðir viðhafðar gegn andfélagslegri hegðun nemenda.
- ◆ Viðurlög gilda við óviðunandi atferli nemenda, þó aldrei líkamleg né niðurlægjandi viðurlög.
- ◆ Hinir fullorðnu eru fyrimyndir sem sýna myndugleika og samstöðu.
- ◆ Virk hlutdeild nemenda t.d. með föstum bekkjarfundum.



Meginþættir Olweusaráætlunarinnar:

Könnun á einelti:

Til að mæla árangur af starfinu er eineltiskönnun lögð fyrir nemendum árlega eða annaðhvert ár.

Einkenni eineltis:

Reglulega er farið yfir einkenni og afleiðingar eineltis með nemendum — eineltishringurinn og myndbandið.

Umræðuhópar:

Allt starfsfólk skólans fær reglulega fræðslu og tekur þátt í umræðum, einnig eftir að innleiðing er lokið.

Eftirlit:

Ákveðið skipulag er á eftirliti á skólalóð, göngum og matsal. Skráning á óæskilegri hegðun og umsjónarkennari upplýstur um tilvikid/ín. Umsjónarkennari vinnur áfram með málið.

Einstaklingsaðgerðir:

Unnið eftir markvissu viðbragðsferli þegar tilkynning berst til umsjónarkennara um grun um einelti eða staðfest einelti.

Foreldrasamstarf:

Áhersla á gott samstarf heimilis og skóla. Foreldrar/forráðamenn fá kynningu á áætluninni og niðurstöðum kannana. Einnig fá foreldrar handbók með upplýsingum og ráðleggingum varðandi einelti.

Bekkarreglur:

Reglulega farið yfir bekkjarreglur með nemendum og þýðing þeirra fyrir bekkinn rædd.

Bekkarfundir:

Haldnir reglulega í hverjum bekk eftir ákveðinni forskrift. Þar ræða nemendur samskiptamál og leita leiða til leysa þau með hliðsjón af bekkjareglum og skólareglum. Nemendur þjálfaðir í að tjá tilfinningar og sjónarmið. Tilgangurinn er að stuðla að samstöðu nemenda gegn einelti.

Hlutverkaleikir:

Fara reglulega í hlutverkaleiki. Notaðir til auka upplifun og skilning nemenda á einelti.

Tengslahópar:

Myndaðir í hverjum bekk til að vinna gegn einelti. Nemendur þjálfaðir í samvinnu og hver og einn þarf að bera ábyrgð á þeirri sameiginlegu niðurstöðu sem hópurinn kemst að hverju sinni.

Meðferð eineltismála í Vogaskóla

1. Tilkynning

Vakni grunur um einelti skal gera umsjónarkennara þolanda / geranda grein fyrir málinu. Umsjónarkennari tilkynnir námsráðgjafa strax um málið.

2. Upplýsingaöflun

Umsjónarkennari leitar eftir nánari upplýsingum sem víðast, t.d. hjá starfsfólki skólans, nemendum og foreldrum/ forráðamönnum. Námsráðgjafi aðstoðar umsjónarkennara við upplýsingaöflun eftir þörfum. Ýmsar leiðir eru farnar við upplýsingaöflun s.s. athuganir í frímínútum og kennslustundum, viðtöl við nemendur o.fl.

3. Aðgerðir

Umsjónarkennari ber upplýsingarnar undir eineltisteymi skólans sem tekur ákvörðun um þær aðgerðir sem gerðar eru í framhaldinu. Meti teymið að um einelti sé að ræða er aðgerðaáætlun sett í gang. Að slíkri agerðaáætlun geta komið ýmsir aðilar innan skólans s.s. umsjónarkennari og aðrir starfsmenn, stjórnendur og námsráðgjafi og einnig er stundum leitað til sérfræðinga á þjónustumiðstöð hverfisins. Eineltismál geta verið af ýmsum toga og því verður hver aðgerðaráætlun að taka mið af eðli máls hverju sinni.



\$0.00

\$0.00

\$0.00